

8. gr.

Framlag skv. 1. gr. greiðist á allt að 3 árum. Framlögin eru verðtryggð miðað við byggingarvísitölu. Ef fjárveitingar á fjárlögum nægja ekki til að greiða áætluð framlög, skal minnka þau að tiltölu.

Áður greitt framlag samkvæmt reglugerð nr. 510/1980 skal draga frá framlagi samkvæmt þessari grein og skal reikna þau til sama verðlags miðað við byggingarvísitölu.

9. gr.

Hitaveita, sem fær framlag samkvæmt þessari reglugerð skal í skemmst 10 ár hafa gjaldskrá fyrir íbúðir sem að lágmarki samsvarar því matsverði á orku sem segir í 3. gr.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 53/1980 um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar og öðlast hún þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1983.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Blönduósi nr. 197 7. júlí 1972 sbr. reglugerð nr. 86 24. janúar 1979.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 210,00 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við byggingarvísitölu 1 140 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0,15% (0,15 af hundraði) fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 250,00 árlega.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Þar sem um tímabundna eða sérstaklega mikla vatnsnotkun er að ræða er heimilt að setja upp rennismæla. Skal þar innheimta auk vatnsskatts gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar kr. 1,50. Ef ekki eru rennismæljar skal gjald þetta innheimt sem hér segir auk vatnsskatts:

- a. Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum sem almennur vatnsskattur er ekki greiddur af. Þar á meðal til skipa og báta í Blönduósshöfn, skal endurgjaldið vera kr. 3,00 pr. m³.

- b. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar kr. 3,10 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- c. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytis-sölur, skal greiða kr. 1 425,00 á ári fyrir vatnsnotin.
- d. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 0,62, á kálf yngri en 6 mánaða kr. 3,10 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 4,75.
- e. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 7,85 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- f. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 7,85 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, sem er 1 140 stig 1. júlí 1982.

Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta á 2 mánaða fresti, eða með almennum vatnsskatti.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. málsgrein 3. gr. orðist svo:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 9,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 93,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 186,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.